

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

#### I. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:

1. Bræðraborgarstíg, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Vesturgötu.
  2. Höfðatúni, þó þannig, að umferð um Höfðatún víki fyrir umferð um Lauga-veg og Borgartún.
  3. Ægisgötu, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Mýrargötu, Vesturgötu og Túngötu. Jafnframt er ákveðið, að umferð um Ægisgötu hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Vesturgötu.
  4. Umferð austur Túngötu hafi biðskyldu gagnvart umferð um Hofsvallagötu.
- II. Bifreiðastöður eru bannaðar á Öldugötu að norðanverðu frá Brekkustíg að Unnarstíg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. október 1965.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

### um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

#### 1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við aðra leið, sem hér segir:

I. flokkur:	
Fólksbifreiðar undir 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar undir 450 kg að burðarmagni .....	kr. 20.00
II. flokkur:	
Fólksbifreiðar yfir 1100 kg eigin þunga, sendiferðabifreiðar yfir 450 kg að burðarmagni og vörubifreiðar undir 1.5 tonn að burðarmagni .....	— 25.00
III. flokkur:	
Vörubifreiðar með burðarmagn 1.5—5 tonn, almenningsbifreiðir fyrir 8—20 farþega .....	— 50.00
IV. flokkur:	
Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, kranabifreiðar og almenningsbifreiðar fyrir fleiri en 20 farþega .....	— 100.00